


Málefni innflytjenda og flóttamanna

Erlendir ríkisborgarar

Um 34% landsmanna telja að reglur sem heimila erlendum ríkisborgurum að setjast að á Íslandi séu of strangar og er það hærra hlutfall en í fyrri mælingum. Rúmlega 26% telja reglurnar hinsvegar of rúmar og fjórir af hverjum tíu telja þær hæfilegar.

Telur þú að reglur sem heimila erlendum ríkisborgurum að setjast að á Íslandi séu of rúmar, hæfilegar eða of strangar?



Yngra fólk telur, frekar en eldra, að reglurnar séu of strangar, og frekar þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu en íbúar landsbyggðarinnar. Þeir sem hafa háskólamenntun telja einnig frekar en þeir sem hafa minni menntun að baki að reglurnar séu of strangar.

Mikill munur er á viðhorfi fólks eftir því hvaða flokk það kysir ef kosið yrði til Alþingis í dag.

Þeir sem myndu kjósa Vinstrihreyfinguna – grænt framboð telja helst að reglurnar séu of strangar og á hæla þeirra koma þeir sem myndu kjósa Bjarta framtíð og Samfylkinguna, og þar á eftir þeir sem myndu kjósa Pírata. Af þeim sem kysu einhvern þeirra flokka sem nú eiga sæti á þingi telja þeir sem myndu kjósa Framsóknarflokkinn aftur á móti helst að reglurnar séu of rúmar og á hæla þeirra koma þeir sem myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Að sama skapi telja þeir sem styðja ríkisstjórnina frekar að reglurnar séu of rúmar en þeir sem styðja hana ekki.

Greiningar

Heild

Aldur *

- 18 - 29 ára
- 30 - 39 ára
- 40 - 49 ára
- 50 - 59 ára
- 60 ára eða eldri

Búseta *

- Reykjavík
- Nágrannasv.félög R.víkur
- Önnur sveitarfélög

Menntun *

- Grunnskólapróf
- Framhaldsskólapróf
- Háskólapróf


Það sem kosið yrði til Alþingis *

- Framsóknarflokkurinn
- Sjálfstæðisflokkurinn
- Samfylkingin
- Vinstrihr. - grænt framboð
- Björt framtíð
- Píratar
- Annar flokkur/liesti

Styður þú ríkisstjórnina? *

- Já
- Nei


* Marktækur munur á milli hópa



Flóttamenn

Rúmlega 42% telja að reglur sem heimila flóttamönnum að setjast að á Íslandi séu of strangar á meðan tæplega 26% telja þær of rúmar en hátt í þriðjungur telur þær hæfilegar.

Telur þú að reglur sem heimila flóttamönnum að setjast að á Íslandi séu of rúmar, hæfilegar eða of strangar?



* Ath. 2008 var spurt um viðhorf til reglna um pólitískt hæli á Íslandi og því ber að túlka þróun með varúð.

Konur telja frekar en karlar að reglurnar séu of strangar, yngra fólk frekar en þeir sem eldri eru, og íbúar höfuðborgarsvæðisins frekar en þeir sem búa á landsbyggðinni.

Þeir sem hafa háskólapróf telja líka frekar að reglurnar séu of strangar en þeir sem hafa minni menntun að baki.

Þeir sem myndu kjósa Bjarta framtíð eða Vinstrihreyfinguna - grænt framboð ef kosið yrði til Alþingis í dag eru líklegastir til að telja reglurnar of strangar. Af þeim sem kysu einhvern þeirra flokka sem nú eiga sæti á þingi, eru þeir sem myndu kjósa Framsóknarflokkinn eða Sjálfstæðisflokkinn hins vegar líklegastir til að telja reglurnar of rúmar.

Að sama skapi telja þeir sem styðja ríkisstjórnina frekar að reglurnar séu of rúmar en þeir sem styðja hana ekki.

Greiningar

Heild Kyn *

Karlar
Konur

Aldur *

18 - 29 ára
30 - 39 ára
40 - 49 ára
50 - 59 ára
60 ára eða eldri

Búseta *

Reykjavík
Nágrennasv.félög R.víkur
Önnur sveitarfélög

Menntun *

Grunnskólapróf
Framhaldsskólapróf
Háskólapróf

Það sem kosið yrði til Alþingis *

Framsóknarflokkurinn
Sjálfstæðisflokkurinn
Samfylkingin

Vinstrihr. - grænt framboð

Björt framtíð

Píratar


Annar flokkur/listi

Styður þú ríkisstjórnina? *

Já

Nei


* Marktækur munur á milli hópa



Móttökur

Fjórir af hverjum tíu telja að útlendingar sem setjast hér að fái almennt jákvæð viðbrögð frá Íslendingum og er það ívið lægra hlutfall en í fyrri mælingum. Tæplega 31% telur aftur á móti að þeir fái almennt neikvæð viðbrögð, sem er aðeins hærra hlutfall en í fyrri mælingum. Nær 29% telja að þeir fái hvorki jákvæð né neikvæð viðbrögð.


Telur þú að útlendingar sem setjast hér að fái almennt jákvæð eða neikvæð viðbrögð frá Íslendingum?



Þeir sem kysu Framsóknarflokkinn ef kosið yrði til Alþingis í dag eru líklegri, en þeir sem kysu aðra flokka, til að telja að útlendingar sem setjast hér að fái almennt jákvæð viðbrögð frá Íslendingum. Þeir sem kysu Samfylkinguna eða Bjarta Framtíð eru aftur á móti líklegri, en þeir sem kysu aðra flokka, til að telja að útlendingar sem setjast hér að fái almennt neikvæð viðbrögð frá Íslendingum.

Þeir sem styðja ekki ríkisstjórnina eru líklegri til að telja að útlendingar sem setjast hér að fái neikvæð viðbrögð frá Íslendingum, heldur en þeir sem styðja stjórnina.

Greiningar




* Marktækur munur á milli hópa

Fjöldi kvótaflóttamanna

Þegar fólk er spurt hvað það telji hæfilegt að íslensk stjórnvöld taki á móti mörgum kvótaflóttamönnum á næstu tveimur árum er meðaltalið um 1.040 kvótaflóttamenn og miðgildið er 150 kvótaflóttamenn.

Hvað telur þú hæfilegt að íslensk stjórnvöld taki á móti mörgum kvótaflóttamönnum á næstu tveimur árum?



Þeir sem yngri eru telja almennt að við eigum að taka á móti fleiri kvótaflóttamönnum næstu tvö ár en þeir sem eldri eru. Þeir sem eru yngri en 30 ára telja þannig að meðaltali að íslensk stjórnvöld ættu að taka á móti 3.443 flóttamönnum, en þeir sem eru 50 ára og eldri telja að meðaltali að taka eigi á móti 469 kvótaflóttamönnum næstu tvö ár.

Þeir sem kysu Bjarta Framtíð ef kosið yrði til Alþingis í dag telja að meðaltali að íslensk stjórnvöld eigi að taka á móti fleiri kvótaflóttamönnum á næstu tveimur árum en þeir sem kysu aðra flokka, eða 2.349 flóttamönnum. Þeir sem kysu Framsóknarflokkinn telja aftur á móti að meðaltali að við eigum að taka á móti færri kvótaflóttamönnum en þeir sem kysu aðra flokka, eða 169 flóttamönnum.

Þeir sem styðja ríkisstjórnina telja að meðaltali hæfilegt að íslensk stjórnvöld taki á móti 353 kvótaflóttamönnum á næstu tveimur árum á meðan þeir sem styðja ekki ríkisstjórnina telja að meðaltali að við eigum að taka á móti 1.534 flóttamönnum.

Heild

Aldur *

18 - 29 ára

30 - 39 ára

40 - 49 ára

50 - 59 ára

60 ára eða eldri

Það sem kosið yrði til Alþingis *

Framsóknarflokkurinn

Sjálfstæðisflokkurinn

Samfylkingin

Vinstrih. - grænt framboð

Björt framtíð

Píratar

Annar flokkur/listi

Styður þú ríkisstjórnina? *

Já

Nei

* Marktækur munur á meðaltölum

	Meðal- tal	Mið- gildi	Staðal- frávik	Meðaltal
Heild	1040	150	3868	1.040
18 - 29 ára	3443	650	8842	3.443
30 - 39 ára	1162	250	2111	1.162
40 - 49 ára	1218	150	5076	1.218
50 - 59 ára	457	100	1123	457
60 ára eða eldri	476	100	1170	476
Það sem kosið yrði til Alþingis *				
Framsóknarflokkurinn	169	100	257	169
Sjálfstæðisflokkurinn	212	100	472	212
Samfylkingin	1164	300	2008	1.164
Vinstrih. - grænt framboð	1571	500	3969	1.571
Björt framtíð	2349	1000	4585	2.349
Píratar	1733	400	5801	1.733
Annar flokkur/listi	1005	50	2399	1.005
Styður þú ríkisstjórnina? *				
Já	353	100	942	353
Nei	1534	275	4923	1.534

*** Spurt var:**

Telur þú að reglur sem heimila erlendum ríkisborgurum að setjast að á Íslandi séu of rúmar, hæfilegar eða of strangar?

Telur þú að reglur sem heimila flóttamönnum að setjast að á Íslandi séu of rúmar, hæfilegar eða of strangar?

Telur þú að útlendingar sem setjast hér að fái almennt jákvæð eða neikvæð viðbrögð frá Íslendingum?

Hvað telur þú hæfilegt að íslensk stjórnvöld taki á móti mörgum kvótaflóttamönnum á næstu tveimur árum?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem gerð var dagana 3.—15. september 2015. Þátttökuhlutfall var 54,2%, úrtaksstærð 1.482 einstaklingar. Einstaklingarnir voru 18 ára eða eldri af öllu landinu valdir af handahófi úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup Ármúla 13 105 Reykjavík Sími: 540 1200 Netfang: sigrun.drifa@gallup.is

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Sarah Knappe

Ábyrgðarmaður: Vilborg Helga Harðardóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.